

Hin hærri menning

Í grein minni, sem kom í síðasta hefti „Ganglera“, „Við pálinn og rekuna“, gat ég þess, að næsta verkefni mitt yrði það að tala um hina hærri menningu. Með grein þessari var ég búinn að gera grein fyrir þeim hugmyndum, sem ég hygg að séu nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að unnt sé að skapa og viðhalda hinni hærri menningu, er ég nefni svo. Hafa allar greinar mínar: „Um þjóðskipulag og þróun“ og framhald hennar, sem kom í „Ganglera“, „Sjálfstæði“, og síðast hin fyrrtalda grein, „Við pálinn og rekuna“, miðað að því að sýna fram á þetta og eru því nauðsynlegur undanfari þess, sem nú kemur til athugunar. Lítill hluti mannkyns, mjög lítill, meira að segja, hefir ennþá sem komið er, megnað að feta braut hinnar hærri menningar. Til þess hefir þurft mikla orku og stöðugan, einbeittan undirbúning, sem hefir farið fram á ótal æfiskeiðum, til þess að hlutaðeigendur hafi megnað undir þeim örðugu ytri aðstæðum, sem þeir hafa þurft við að lifa, einkum hér í Vesturlöndum, að feta inn á þessa braut, sem stundum er nefnd hin innri leið. Ég tel, að með þeim skilyrðum, sem sköpuð eru og sýnd í „Við pálinn og rekuna“, sé nauðsynlegustu atriðunum fullnægt, til þess að menn geti, margir hverjir, fetað þessa braut og tileinkað sér og skapað eða birt hina hærri menningu.

Skilyrðin hin ytri

Áður en lengra er haldið, verð ég að minnast stuttlega á hin ytri skilyrði og gefa lesandanum stutt yfirlit yfir það, sem er kjarninn í hinum fyrri greinum mínum, einkum þeirri síðustu, svo að honum verði léttara að átta sig á samhengi hlutanna.

Lífsskilyrðin verða að hafa tekið nokkrum breytingum frá því, sem nú á sér stað. Menn verða að hafa nokkurn tíma afgang þeim, sem fer til nauðsynlegra starfa, til þess að viðhalda lífinu. Þennan tíma verða þeir að hafa fengið nægilegan skilning á að nota hyggilega til lista, vísinda eða annara fræðiiðkana. En þó má eigi nota allan tímann til þess, ef langra skal halda, því hæfilegan hluta hans verður að nota til stuttra íhugana og æfinga í meðferð tilfinninga- og hugrænna hæfileika og þroska þá. Þessi tími verður stuttur mjög í fyrstu, en lengist ef til vill þegar til lengdar lætur.

Vinnan verður að vera hæfileg, ekki þannig, að menn að öllum jafni ofþreyti sig, heldur eins og nægileg hreyfing til þess að halda líkamanum hraustum og stæltum, vinna, sem kemur að mestu leyti í staðinn fyrir íþróttaiðkanirnar.

Mataræðið verður að vera heilbrigt og gott. Hrein fæða, aðallega jurtafæða, verður að vera aðalatriðið, því að kjötfæða er of gróf til þess að unnt sé að halda við þeim nauðsynlegu æfingum, sem óhjákvæmilegt er að við hafa, ef nokkuð verulega á að komast áfram á hinni nýju leið. En allt verður þó þetta að vera með hinni mestu aðgætni á hverjum tíma og í raun rétttri á allri leiðinni, því sitt hæfir hverjum og það er einungis reynslan ein, sem gefur hið raunverulega svar við öllum viðfangsefnum. Þess vegna verður æfinlega að nota dómgreindina og þroska hana, til þess að unnt sé að skilja hlutina rétt og hafa reynslunnar raunveruleg not og láta úrskurð dómgreindarinnar ráða frekari athöfnum.

Ég þykist ekki þurfa að taka það fram, að allar eiturnautnir eru gersamlega bannaðar og banvænar í þessu sambandi, því á meðan þær eru í förinni eru engar líkur til þess að veruleg framför geti átt sér stað til staðgóðrar frambúðar. Á ég þar við allar nautnir, tóbak og áfengi og öll sterkari deyfilyf er alls ekki um að tala. Áhrif þessara deyfiefna draga líka mann niður og gera hann grófari og endurverka bæði á tilfinningar og huga og gera hvorttveggja

ómóttækilegt fyrir hin innri og æðri áhrif og loka þeim sem góðum og gagnlegum farvegi fyrir þau.

Öllu þessu er bezt fullnægt í þeim lífsmöguleikum, sem skapast hafa í þeirri afstöðu, sem sýnd er í greininni „Við pálinn og rekuna“, þegar mennirnir eru horfnir til náttúrunnar á ný og plægja og yrkja jörðina sér til lífsframfæris og kunna að nota sér á heilbrigðan hátt auðæfi hennar. Þá hafa menn náð þeim ytri friði og aðstöðu, sem einna bezt fullnægir framtíðarvexti þeirra, sálrænu, hugrænu og andlegu viðleitni.

Á þessu byggjum við svo frekari athuganir.

Hin innri leið

Í hinum fyrri ritgerðum mínum, sem ég hefi vísað til hér að framan, hefi ég mestmegnis og aðallega átt við heildina og talað um hana. Hefi ég orðið að gera það vegna þess að ég hefi orðið að benda á, að hún hafi sem heild verk að vinna í þá átt að skapa og móta aðstöðu, sem unnt væri að byggja á frekari vöxt einstaklingsins en áður átti sér stað. Og nú er svo komið, að miklu fleiri einstaklingar geta notað sér aðstæðurnar en áður, er menn lifðu undir örðugri þroskaskilyrðum og þess vegna hverf ég nú aftur til einstaklingsins og skil við heildina í þessu ástandi, sem ég nú hefi lýst.

„Mennirnir lifa ekki af einu saman brauði, heldur af því orði, sem fram gengur að guðs munni.“ Aftur nota ég þessa líkingu. Brauðinu hefir verið fullnægt, en hinu andlega, orðinu, hefir ekki verið gerð þau skil, sem skyldi.

Til eru tvær aðalleiðir, sem farnar eru til fullkomunnar. Er önnur þeirra sú, sem fylgir hinni almennu þróun, og er hún hægfare. Þar eru það náttúruöflin, sem ráða og fleyta þau mönnunum nálega fyrirhafnarlítið eða án þess að þeir geri sérstakar ráðstafanir eða leggi á sig verulega til þess að komast áfram á þroskabrautinni og ná því takmarki, sem mannkyninu er ætlað að ná. Aftur á móti er önnur leið, sem er miklu fljótfarnari en hin. Á þeirri leið taka menn þróun sína og framför í eigin hendur og ráða ferðinni og þeir verða að leggja mikið á sig til þess að komast áfram. En sterkur maður og áráðinn fer beinustu leið upp fjall fullkomunar og hættir ekki fyrr en hann er kominn upp á toppinn og stendur þar sigri hrósandi. En hinir fara hliðargötur og snúninga upp fjallið og eru því miklu lengur á leiðinni.

Þeir, sem feta beinu leiðina, þeir, sem klifa fjallið, feta þá leiðina, sem er nefnd hin innri leið. Leið þessi hefst á þeim stað, þegar maðurinn segir skilið við samferðamennina og leitar inn í hið ókunna, leitar inn á við í eigin hugskot og athugar þar, hvort nokkuð hafi hann þar til þess að styðjast við og hann finnur veganesti og leiðbeiningar, sem munu honum að gagni koma á hinni nýju braut. Hann verður brátt var við, að hann er ekki einn, því hann hefir samferðamenn. En þeir eru ekki hans fyrri vinir, heldur nýjir kunningjar, sem nú birtast honum og þeir koma að ýmsum leiðum og frá ýmsum, jafnvel gagnólíkum stöðum. Hann verður einnig var við leiðtoga og leiðbeinendur, sem honum var gersamlega ókunnugt um áður. Hann kemst í kynni við honum nýjar og óþekktar stefnur og skóla, bæði í trú og vísindum, sem honum var gersamlega ókunnugt um að væru til. Stefnur þessar og skólar eru undirbúningur sá, er nemandinn þarf á að halda á hinni innri leið eða á fyrstu áföngum hennar. Oft ber það við að inn í þessa skóla hafa komið þeir, sem í raun og veru voru ekki vaxnir því að hafa þeirra nægileg not, en það sem þar er kennt kemur þeim að líkindum að gagni síðar. Þeir hafa ekki megnað að tileinka sér eða hafa ekki komið auga á það, sem er mergurinn

málsins og hverfa svo frá fyrr eða síðar litlu nær en þeir komu. En síðar meir leitar þeirra hin forna leið er þeir hafa fetað og þá koma þeir betur undirbúnir í hina innri skóla og verður þá námið léttara en áður. Því launhelgarnar, mysteria, bæði þær minni og meiri, eru til enn í dag, eins og þær voru til í fornöld og greiða götu manna, nemenda, eins nú og þá, að hinum innri og æðri leyndardómum, sem aldrei hafa verið og verða eigi birtir í þessum, hinum jarðneska heimi.

Á þessari innri leið eru margir áfangar og hún skiptist í margar leiðir, sem allar liggja jafnhliða að sama marki.

Yoga

Orð þetta er notað í Austurlöndum og er sanskrít og þýðir sameining við guð eða andleg leit. Er ytri merking þess sálrækt.

Yoga-heimspekin er í mörgum greinum eða kerfum og greinir fylgjendur þeirra oft á um ýms atriði, sem frá okkar sjónarmiði, Vesturlandabúa, eru lítils virði, svo hárfín eru þau.

Yoga skiptist í margar leiðir, sem allar eiga það sameiginlegt, að þær leiða að sama takmarki, sem nefnt er lausn, eða Nirvana, sameining við allífið eða guð.

Aðal-yoga-leiðir eru: Raja-yoga, viljaleið eða hin konunglega leið, Bhakti-yoga, tilfinninga- eða trúarleið, Jnana-yoga eða vizkuleið og þekkingar og Karma-yoga eða starfs- og þjónustuleið.

Til eru fleiri leiðir, en þær eru þó að meira eða minna leyti afbrigði frá aðalleiðunum og teljast þeim.

Leið siðaathafna er til, sem telst Karma-yoga að nokkru leyti og hin táknræna eða symbolska leið, sem telst Jnana-yoga.

Allar þessar leiðir verða aðeins aðstoð leitandanum eða vegfarandanum. Hann verður að fara leiðina sjálfur. Sjálfur verður hann að reyna og nema.

Þessar fjórar höfuðleiðir, sem ég hefi nefnt hér að framan, samsvara þrenningunni: Raja-yoga til föður, Bhakti-yoga til sonar og Jnana-yoga til hins heilaga anda. Karma-yoga samsvarar fjórðu persónunni, sem er hin heilaga móðir. Er þetta viljinn: Raja-yoga, vizkan: Bhakti-yoga eða innsæið, þekkingin eða hinn hugræni eðlisþáttur: Jnana-yoga.

Samsvara þessir þrjú eðlisþættir hinum eina og þríeina, andanum, en Karma-yoga samsvarar starfinu, hinu efnislega á öllum stigum þess og er annar aðalhluti tilveru, efnið eða hin heilaga móðir. Er þetta að finna í fræðum Gyðinga - kabala - í orðinu Jahve eða Jehova. Er það skráð með fjórum hebreskum stöfum: Jod, he, vá, he og nefnt tetragrammaton eða hin heilaga ferstafa. Eru það fjórir stafir lesnir í þrem atkvæðum :J e-ho-va, Je, sá, sem var, ho, sá, sem er, va, sá, sem verða mun. Til eru miklu víðtækari skýringar á þessu heiti og margþættari, en það er eigi verkefni mitt í þessu sambandi að fást við það.

Nú má athuga stuttlega hverja af þessum fjórum leiðum.

Raja-yoga. Viljinn. Er þessi leið að ýmsu leyti örðug og fara hana að líkindum fáir til enda, að minnsta kosti aðalleiðina. Hún krefur hreins líferniss í öllum greinum og er mjög sterk í áhrifum og verkunum. Við hana er beitt miklu hugrænu afli og endurverkar hún á alla líkamsheildina og taugakerfið sem heild. Hún gefur heildaryfirsýn yfir hlutina og aðalatriði þeirra og þungamiðju. Er það vegna þess að hún hæfir frekar stjórnendum en öðrum. Hún veitir skjóta skipulagsskynjun og hvernig heppilegast sé að framkvæma verkefni, sem fyrir liggja.

Bhakti-yoga. Vizka eða tilfinning, trú. - Svarar þessi leið mjög til kristnu trúarinnar og þess takmarks, sem henni er ætlað að ná. Vinnur hún aðallega á sviði kærleikans og miskunseminnar. Er hún einnig mjög nátengd allri fræðslu og uppeldisviðfangsefnum. Hún er leið trúarbragðanna í heild. Bæn og tilbeiðsla er yfirgnæfandi á þessari leið og er notað mestmegnis á fyrstu áföngunum að minnsta kosti og lengi fram eftir. Er hún að ýmsu leyti léttasta leiðin og er ekki í fyrstu nándar nærri eins kröfuhörð og Raja-yoga með tilliti til stranglegs líferniss í öllum greinum, jafnvel þó að það skaði aldrei að hafa það í sem allra beztu lagi. Vinnur þessi leið mest í gegnum hjartað.

Jnana-yoga. Þekkingarleiðin eða hin hugræna leið. Leið þessi bendir ákveðnar til vísindaiðkana en hinar og er því að nokkru strangari en sú síðasttalda. Leggur hún mikla áherzlu á skilgreiningu hlutanna og heimspekilega og rökfasta hugsun. Öll vísindaleg viðfangsefni teljast þessari leið, hæði raunvísindi eða hlutræn og hin æðri vísindi eða hin óhlutrænu og heimspekilegu. Er það verkefni þessarar leiðar, meðal annars, á fyrstu áföngunum, að leiða nemandann frá hinu hlutræna til hins óhlutræna og að lokum inn í hið andlega og er það í raun og veru verkefni allra leiðanna. Skóli Pýþagorasar lagði mestmegnis áherzlu á þessa leið og er hún oft kennd við hann og nefnd leið Pýþagorasar.

Karma-yoga. Leið starfsins og þjónustunnar. Á fyrstu áföngum þessarar leiðar eru einna minnstar ytri kröfur gerðar. Er nemandanum ætlað að vinna allt, sem hann þarf úr þjónustunni og vinnunni. Hann þarf ekki nándar nærri að beita eins mikilli hugarorku til þess að sjá og skipuleggja og ekki í það að leiðbeina og fræða og ekki í að fást við vísindaleg viðfangsefni sérstaklega, en hann skynjar þetta allt í gegnum starfið og hina fórnfúsu þjónustu. En hann verður að vera gersamlega laus við alla eiginhagsmunahvöt, ef honum á að skila greitt áfram á þessari leið. En á því er lítill efi, að hann öðlast - ef hann fer rétt að - allt vald, alla þekkingu og vizku og alla verklega hæfileika að þessari leið, því reynslan í starfinu mótar allar hliðar hans jafnt og þétt.

En eitt er sameiginlegt öllum leiðum og það er dómgreindin og enginn verður svo mikill og máttugur í tilverunni, að hann þurfi eigi á dómgreind að halda og því meir og ákveðnar eftir því sem lengra sækist á leiðina og herra kemur í hinum mikla og örðuga þróunarstiga.

Og annað atriðið er: Leita andans og hans eingöngu. Það er takmark allra leiða eða sameiningar við guð.

Nokkrar bendingar. Ég ætla aðeins að benda á nokkur atriði í þessu sambandi, um hugleiðingar, því þær eru meira og minna iðkaðar í flestum greinum yoga-skólanna. En að sjálfsögðu verður það mjög stutt og ófullkomið, því það er allt of mikið og víðtækt efni að fást

við í stuttri grein eins og þessari, enda mikið álitamál hve langt skal fara í þeim greinum. Það er til mikið af ritum og leiðbeiningum um þessi efni, sérstaklega á fyrstu áföngunum og geta

þeir kynnt sér þau, sem þess æskja. Mest er það þó og yfirgripsmest á ensku máli, enda eðlilegt, því Engendingar hafa að sjálfsögðu haft mest kynni allra vestrænna þjóða á Austurlöndum og menningu austrænna þjóða, einkum Indverja.

Notkun hugans og tamning hans er mjög markvert atriði í þessu sambandi og því eru það þrjú aðalviðfangsefnin, sem fengist er við, sem nefnd eru: Fasthygli (concentration), hugleiðsla (meditation) og hugskoðun (contemplation).

Fyrst er fasthyglin. Er hún frumstigið. Nemandinn tekur sér fyrir hendur að hugsa um einhverja dyggð, t. d. kærleika, orðheldni, hreinleika, góðvild, umburðarlyndi o. s. frv. Hann bindur hugann fastan við þessa hugmynd og reynir að halda honum föstum við hana og láta ekkert annað komast að á meðan. Hann reynir þetta í svo sem 3-5 mínútur í senn einu sinni á dag. Hann dregur sig út úr öllu sambandi við aðra menn á meðan og er afsíðis, helst í herbergi sem enginn notar nema hann sjálfur eða þá þar sem hann er ekki truflaður. Hann situr á stól með beinu baki, svo hryggurinn sé beinn og lyftir höfðinu lítilsháttar, lokar augum, styður höndum á hnén, þannig, að gómarnir hvíli á hnéskelinni og beinir svo huganum ákveðið að þeirri dyggð eða hugsjón, sem hann hefir valið sér sem íhugunarefni. Bezt að gera þetta varlega í fyrstu og ekki of lengi, svo að þreyta komi ekki í ljós. Fáir hann verk í höfuðið er nauðsynlegt að hætta samstundis. Gangi allt vel, kemur að því fyrr eða síðar, að nemandinn verður þess var, að hann er ósjálfrátt farinn að lifa þá dyggð, sem hann valdi sér að viðfangsefni. Og þannig heldur hann áfram unz hann hefir tileinkað sér margar dyggðir. Hann reynir að finna skapgerðargalla sína og tekur þá andstæðu eiginleika eða dyggð og beinir fasthyglinni að henni. Bráðlyndi bætir hann og útrýmir með friði og jafnvægi, illsku með kærleika, harðýðgi með göfuglyndi og samúð o. s. frv. Á þann hátt vinnur hann tvennt í senn, breytir skapgerð sinni og æfir notkun hugans og nær smátt og smátt tókum á honum.

Hugleiðing. Þegar æfingu nokkurri er náð í fasthygli og sæmilegum tókum, þannig, að unnt er að útiloka allar óviðkomandi hugsanir, þá má reyna hugleiðinguna. Hugleiðingin er í því fólgin, að halda öllum óviðkomandi hugsunum á braut og leiða hugann að öllum hliðum viðfangsefnisins og rannsaka það og kryfja til mergjar frá sem flestum hliðum og helst öllum, til þess að fá sem víðtækastan skilning á því. Virðist þetta nokkuð örðugt og einhæft í fyrstu, en hugurinn smálagast við iðkunina og verður smátt og smátt liprara verkfæri í höndum nemandans og hann kemst að raun um að það, sem honum virtist örðugt í fyrstu og jafnvel ógerlegt, verður nú ljúft og létt. En stöðuga viðleitni og þrautseigju verður að viðhafa ef nokkur árangur á að koma í ljós. Og nemandinn verður þess var, að hugurinn er ekki hann sjálfur, heldur aðeins verkfæri í höndum hans, sem hann á að læra að fara með og nota á réttan hátt.

Hugskoðunin. Þegar verulegri leikni er náð í fasthygli og hugleiðingu, má reyna hugskoðunina. Er hún sögð æðsta stig þessara æfinga. Er þá reynt að láta hugann hvíla og hætta að hugsa. En það er ekki eins létt verk og við mætti búast í fyrstu. Það er í raun réttir miklu örðugra viðfangsefni en menn halda. En þegar þessu er náð með nokkrum árangri, má búast við því að uppljómun hugans geri vart við sig og sú raunverulega lausn viðfangsefnanna komi í ljós og þá veit nemandinn í raun og veru en eigi fyrr. Þá skynjar hann hlutina innan frá, en eigi form þeirra, eins og hann hefir gert allt til þessa. Hann hefir að nokkru leyti náð

tökum á einni hinni hærri skynjunargáfu, innsæinu (intuition). Úr þessu er honum leiðin að miklum mun léttari og hættuminni, því hann hefir náð í aðalöryggið, innsæið eða vitundina, sem verður leiðarhnoða hans á ófarinni braut að nýjum og nýjum sjónarhæðum andlegs þroska.

Hindranir

Þó að ég hafi í stuttu máli reynt að lýsa einum áfanga eða þrem, hvort sem menn vilja heldur nefna það, á hinni innri þroskaleið, þá má eigi skilja svo við þetta mál, að eigi verði stuttlega minnst á hættunum eða tafir þær og tálmanir, sem fyrir liggja. Get ég þó eigi rakið þær allar, því í raun réttir eru þær ekki að öllu leyti almenns eðlis, heldur einnig einstaklingslegar og það, sem annar reynir, er oft og tíðum ekki vist að hinn kannist við, því leiðirnar eru að lokum eins margar og þeir, sem leiðina feta. Hver um sig fetar að lokum eigin braut, sem enginn annar treður. En við samanburði má þó að öllum líkindum finna í ólíkri reynslu samsvaranir eða hliðstæður, svo gagn getur orðið að samanburðum á reynslu margra einstaklinga og á bak við hana má svo finna algild lögmál, sem ríkja munu í hinu innra og æðra engu síður en í hinu ytra lífi og jarðneska.

Þegar nemandinn byrjar að iðka hugleiðingar, er nauðsynlegt að hafa fyrir löngu hætt við allar eiturnautnir, t. d. áfengi og tóbak, og það þurfa helzt að vera liðin að minnsta kosti sjö ár frá því að það hefir verið um hönd haft. Kjöt væri gott að hætta við, ef þess er kostur, því það þyngir líkamann að mun og gerir hann grófan. Fisk er, að minni hyggju, ekki eins nauðsynlegt að leggja til hliðar, því að hann er miklu fínni og fjær okkur í dýrarikinu, liggur nær jurtaríkinu en dýr með heitu blóði.

Veiklanir ýmsar geta komið í ljós eftir skemmri eða lengri tíma, einkum í skynfærunum, augum, eyrum og nefi, ígerðir eða lömum og er það afleiðing æfinganna og getur því farið svo, ef slíkt verður alvarlegt, að hlutaðeigandi verði að hætta um tíma eða jafnvel fyrir fullt og allt.

Ef viðleitni er ákveðin, er alllíklegt, að eftir skemmri eða lengri tíma komi allt upp á yfirborðið, sem hlutaðeigandi hefir í fórum sínum, bæði gott og illt. Er það sönnun þess, að hann er farinn að feta hina innri leið. Þessu verður að gefa nánar gætur. Láta hið lakara eyðast smátt og smátt, en hið góða eflast. Nemandinn hefir sem sé tekið þróun sína og framför í eigin hendur.

Ýmiskonar skapgerðarrestir koma í ljós í fari nemandans, séu þeir til, og verða nú miklu sterkari en áður. Sé hann þess áskynja, hvað um er að vera, reynir hann að lagfæra það eftir mætti, en ásakar eigi aðra menn um það þó að þeir skeyti skapi sínu á honum vegna bágborinnar framkomu hans. En þó má minnst þess, að skapgerðarrestir verða eigi lagfærðir á stuttum tíma. Stöðugri viðleitni þarf að beita í langan tíma, jafnvel áratugi, ef vel lætur. Það er miklu örðugra að breyta slæmri skapgerð en að venja sig af áfengis- og tóbaksnautn t. d. Það er ekkert áhlaupaverk og veit enginn hve örðugt það er, nema sá, er reynir.

Metorðagirndin er hættulegur þroskuldur á vegi nemandans, því hún er ein af alvarlegri hliðum eigingirinnar og mjög hættuleg öllum innri og andlegum þroska. Er þessi ágalli í fari nemenda oft áberandi og mjög hættulegur öllu félagslífi.

Dramb er einn hættulegasti galli skapgerðar og sá, sem tefur mest og varir lengst, því hann birtist í nálega óteljandi myndum. Þegar honum er útrýmt í einni mynd, er það segin saga, að hann birtist að vörmu spori í nýrri mynd og finni og hættulegri. Drambið fylgir nemandanum lengst allra galla á hinni andlegu og innri þroskabraut hans.

Eins og ég gat um í upphafi þessa kafla eru fjötrarnir margir, sem nemandinn verður að slíta af sér, og verða þeir eigi taldir hér allir, heldur aðeins minnst á aðalatriðin. Nemandinn verður sjálfur að finna þá, bæði smáa og stóra, jafnóðum og hann verður þeirra var og glíma við þá unz hann hefir sigrað þá alla. Fyrr hefir hann ekki öðlast hina þráðu lausn.

Léttasta leiðin

Einhverjum mundi detta í hug að spyrja. Er ekki einhver leið til, sem nefna mætti þessu nafni, léttasta leiðin? Því má svara játandi.

Menn eru mjög misjafnir og fara hver sína leið, eins og áður er vikið að, en þó er einhver hinna áður nefndu aðalleiða við hæfi hvers og eins til að byrja með.

En hér kemur margt til greina. Yoga-leiðirnar eru austrænar og vaxnar upp í austrænni menningu, sniðnar eftir allt öðrum ytri skilyrðum en Vesturlöndin hafa að bjóða. Lifnaðarhættir léttari. Vinnustritið ekki nándar nærri eins strangt. Náttúran leggur langtum meira upp í höndurnar þar en hér. Andleg viðleitni hefir því náð að þróast, að minnsta kosti meðal vissra stétta, og náð ótrúlega miklum árangri. Um árhundruð og jafnvel árpúsundir hefur þessi viðleitni verið rekin og arfgengið smámsaman lagast eftir því. Vinnan og stritið hefir verið miklu harðara í Vesturlöndum og andleg viðleitni hefir því orðið að lúta í lægra haldi, því fyrst verður að sjá fyrir þeim veraldlegu þörfum áður en lengra er haldið. Þannig hefir það gengið svo lengi sem saga vestrænna þjóða nær. Í Vesturlöndum hefur því skapast viðhorf, sem í eðli sínu er gagnstætt austurlenzku viðhorfi og arfgengið lagast eftir því. Það virðist því örðugt fyrir Vesturlandabúa að notfæra sér hinar andlegu austrænu þjálfunaraðferðir. Það gæti því að öllum líkindum verið gott hvað með öðru, að viðhafa léttar og einfaldar austrænar æfingar og bæta svo við þær hinni vestrænu viðleitni, sem hér hentar betur, og láta starfið og þjónustuna koma í staðinn fyrir miklar og margbrotnar æfingar, að minnsta kosti til þess að byrja með og lengi nokkuð eftir þróunarbrotinni. Ef nemandinn temur sér ætíð og æfinlega að starfa og þjóna og þjóna eingöngu til þess að gera öðrum gagn, þá fer ekki hjá því, að ef þjónustan er unnin án allrar eiginhagsmunavonar, þá leiðir hún að hinu rétta marki. Það er sem sé margra álit, að austræn og vestræn menning eigi á sínum tíma að renna saman og móta eina heilsteypta menningu.

Þetta held ég, fyrir mitt leyti, að sé léttasta leiðin, eins og nú standa sakir.

En þegar menn hafa í nokkrar kynslóðir lifað við hin breyttu skilyrði og aðstæður, sem ég gat um í byrjun þessa máls, má búast við að menn verði, bæði líkamlega og andlega betur undir það búnir að þola víðtækari og sterkari þjálfunaraðferðir en þeir nú þola.

Hinn fullkomni maður

Og keppikefli nemandans er það að verða enn þá meiri þjónn, að ná því takmarki að verða fullnuma, að hafa lært allt, sem mannkyni nú er á sínum tíma ætlað að nema, að verða fullkominn maður, fullnumi, adept, meistari, sem það er stundum nefnt, eða ofurmenni.

Það er alkunnugt fyrirbrigði, að á sama stað séu menn mjög mismunandi að þroska og hæfileikum. Maður, sem sagt er um, að hafi tæplega meira en gripsvit, en á hinn bóginn sé maður, sem er snillingur í nálega öllum greinum og sé allt í augum uppi. Er aldursmunur þeirra afarmikill, sálrænt talið. Sá síðarnefndi er kominn miklu lengra í þróun en hinn. Af þessu getum við dregið þá ályktun, að til séu menn, sem séu komnir eins langt í þroska á undan þessum snillingi, eins og hann er á undan fyrsttalda manningum. Það má því hugsa sér, að þróun mannsins sé engin takmörk sett.

Ýmsir halda því fram að meistarar séu til, en allfl estum er gersamlega ókunnugt um tilvist þeirra. Er það að vonum, því vinnubrögð þeirra munu vera mjög með öðrum hætti, en menn eiga almennt að venjast. Það munu undantekningar að þeir opinberi sig almennt og venjulega ekki nema einstaklingum, sem þeir geta gert sérstakt gagn eða fengið til þess að vinna ákveðin verk í þarfir þróunarinnar. Eru það þá þeir nemendur, sem eru komnir nokkuð langt áleiðis og geta tekið að sér sérstök störf, sem meistarinn þarf að láta vinna.

Frá okkar sjónarmiði, manna almennt talið, má segja, að meistararnir eða þeir, sem í hinum kristilegu fræðum eru nefndir samfélag heilagra, séu guðir eða guðdómlegir menn, en þó eru þeir um leið manlegir alveg eins og við. Það er að líkindum þess vegna, að Jesús var kallaður guð og maður eða guðmaður, heiti, sem bendir á sérstaka þroskahæð. Það er þetta stig í þróuninni, sem átt er við, þegar talað er um ofurmenni eða meistarara.

Ýmislegt hefir verið ritað um þá, en hér í þessu sambandi verður eigi farið lengra út í þá sálma. Hér verður látið staðar nema við þetta takmark eða endalok mannglegrar fullkomunnar. Þegar henni er lokið hefst ný þróun og þróunar takmark til að keppa að.

Hvað svo?

Margur mundi hugsa sem svo, er nú nokkuð meira? Er öllu lokið? Það er nú síður en svo. Lífið er óendanlegt, eilíft, og vexti mannsálarinnar er engin takmörk sett. Það er eilífur vöxtur og engin er sú þroskahæð, sem maðurinn fær eigi stigið. Fyrir framan hann liggur völdug og glæsileg leið, en henni er samfara meiri og meiri ábyrgð og æ víðtækari verkefni og viðfangsefni. Nýjustu vísindaathuganir stjörnufræðinga hafa leitt í ljós þá staðhæfingu, að alheimurinn sé alltaf að víkka, að fjarlægðirnar á milli vetrarbrautanna séu miklu meiri nú en þær hafa verið fyrir nokkrum milljónum ára síðan. Sama máli er að gegna með mannsálinu. Hún vex óendanlega og tekur undir yfirráð sín ætíð stærri víðáttur, ekki í álengdarskynjun, heldur í innlokun þeirra í sjálfri sér. Fyrir vitundinni verða því rúmið og rúmstigin ætíð minnkandi, unz þau hverfa að lokum, því tilveran er eitt nú. Tími og rúm eru því ytri fyrirbrigði í efninu og eru því skynvillur. Takmarkið er því að skynja þetta og læra að lifa í eilífðinni, ósnortinn af hinum ytri breytileika fyrirbrigðanna, en vera þó vitundarlega starfandi hér í heimi alveg á sama hátt og þeir, sem eingöngu vinna fyrir þennan heim, gæði hans og unaðssemdir.

Ég hefi hér að framan reynt að lýsa því í fáum dráttum hvað það er, sem ég á við, er ég tala um hina hærri menningu og takmark hennar. Vona ég að lesandinn skilji, að nauðsynlegt sé að gera sér nokkra grein fyrir þýðingu hinnar ytri þróunar og sambandi hennar við hið innra, siðræna og andlega viðhorf. Allt þetta verður að fylgjast að ef vel á að vera og ytri verkefni, daglegu skyldurnar, verða að vera leystar áður en nemandinn er frjálst til þess að nema hin innri fræði og tileinka sér þau, svo að framför hans verði heilbrigð og í fullu samræmi alla tíð frá byrjun vegferðar til enda.

JÓN ÁRNASON PRENTARI